þjóðviljinn

Laugardagur 15. september 1990 — 173. tölublað 55. árgangur


SÍMI 68 13 33
SÍMFAX
68 19 35

SPURNINGIN

Hverjir verða Íslandsmeistarar í knattspyrnu?




Stefán Baldursson
nemi:
Fram, er það ekki?



Guðbjörg Jónsdóttir
sölumaður:
KR.




Tómas Tómasson
verkfræðingur:
Hmm. Ætli það verði ekki Valur.



Sigurður Halldórsson
nemi:
Ætli það verði ekki Fram.



Jón Ingi Guðmundsson
mjólkurfræðingur:
Ætli það verði ekki KR.



Sæmundur Valdimarsson við Móðurgleði. Segir hann verkið sýna hversu stolt móðirin er af börnunum sínum tveimur. Geirvörtur hinnar stoltu móður eru úr þurrkuðum morgunfrúm. Myndir: Jim Smart.

Kjarvalsstaðir

Öxin er áhrifamesta verkfærið

Sæmundur Valdimarsson opnar sýningu í dag á skúlptúrum úr rekaviði

Sæmundur Valdimarsson listamaður opnar í dag í vesturforsal Kjarvalsstaða sýningu á skúlptúrum úr rekaviði.

Margir kannast eflaust við mannverur Sæmundar. Hann hefur unnið stærri skúlptúra úr rekaviði síðan um miðjan áttunda áratuginn. Fyrstu einkasýningu sína hélt Sæmundur árið 1983, en þær eru nú orðnar átta talsins. Fyrir ári hélt hann sýningu í Osló, og ófáir lögðu leið sína til Hafnarfjarðar á sýningu Hafnarborgar á nævum listamönnum í sumar, þar sem Sæmundur átti nokkur verk.

Sæmundur tekur á móti blaðamanni Þjóðviljans á Kjarvalsstöðum og gengur með honum milli verkanna. Hann bendir á ungan mann með þrjá rauða vængi í skýlu úr fiskroði.

– Þetta verk kallast Sólþrá. Hann flygi til sólarinnar ef ekki vantaði á hann einn væng. Flesta vantar eitthvað til að geta orðið það sem þá langar til. Þessa þarna hárprúðu nefni ég Sú var tíðin. Þegar gamlar konur minntust æskunnar hér áður fyrr sögðu þær oft: Sú var tíðin ég hafði hár. Hárið gerði ég úr þangi. Ég vinn mest með efni úr náttúrunni; þara, trjálauf, blóm og fiskroð. Spýtunum safna ég á Reykjanesi og á Suðurlandi, auk þess fæ ég stundum efni sent austan af ströndum. Öxin er áhrifamesta verkfærið, sporjárn og raspa nota ég einnig, en allt eru þetta handverkfæri. Rekaviðurinn er maðksmoginn, og springur allur þegar hann þornar. Ég þarf að gera við hann jafnóðum, og reka í hann fleyga til að halda honum heilum. Að baki þessari sýningu liggur tveggja ára vinna.

Á sýningunni er fjöldi karla og kvenna, og kynjavera ýmiss konar: Drottningin af Saba, Rósa Ingólfsdóttir, Friðmey, sem er í eigu frú Vigdísar Finnbogadóttur, arabar, dansmeyjar og fjörufólk. Þar hitta gestir líka fyrir spengilegan ungan mann sem Sæmundur kallar Draum daladætra og hafmey að stíga upp úr sjónum.

Sýning Sæmundar verður opnuð í dag kl. 14, og stendur til 30. þessa mánaðar. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 11-18.

BE





Fyrsta ballið kallast þetta verk af ungri stúlku, sem er að stíga sín fyrstu skref í samkvæmislífinu.

Þessi sérkennilega vera með hjartalagaðan rauðan hjálm er geimfari. Hann er að sögn Sæmundar ekki mennskur, eins og sjá má á furðulegu andliti hans.

